

## FUNDARGERÐ

Árið 2022, föstudaginn 18. febrúar kl. 09:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fjarfundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir og Margrét Þórarinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Árna Sverri Hafsteinssyni, Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Hrafnkatli Hjörleifssyni og Óskari Helga Þorleifssyni sem ritaði fundargerð.

Birgir Björn Sigurjónsson og Stefán Vagn Stefánsson boðuðu forföll.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

### 1. Römpum upp Ísland

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs varðandi verkefnið Römpum upp Ísland. Markmið verkefnisins er að bæta aðgengi og aðstöðu fyrir hreyfihamlað fólk að þeim stöðum þar sem fólk kemur saman. Ekki er gert ráð fyrir að sinnt verði aðgengismálum að opinberum byggingum. Sérstök áhersla verður lögð á aðgengi að fjölförnum stöðum s.s. kaffihúsum, samkomuhúsum en næst þar á eftir verður áhersla lögð á verslanir, hótél o.s.frv. Hvatamaður verkefnisins er Haraldur Þorleifsson.

Sett verður á laggirnar sjálfeignarstofnun til að sjá um framkvæmd og rekstur verkefnisins. Gert er ráð fyrir að um samvinnuverkefni einkaaðila og opinberra aðila verði að ræða. Þá er gert ráð fyrir að Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga muni leggja til 50 m.kr. á ári.

*Nefndin var mjög jákvæð í garð verkefnisins. Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að Fasteignasjóður legði til 50 m.kr á ári. Jafnframt fengi ráðherra fulltrúa í stjórn verkefnisins.*

### 2. Langanesbyggð og Svalbarðshreppur

Lögð voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps, ásamt minniblöðum starfsmanns Jöfnunarsjóðs, þar sem annars vegar er sótt framlag vegna undirbúnings að tillögu að sameiningu sveitarfélaga og hins vegar til uppbyggingar atvinnu- og nýsköpunarseturs í tengslum við sameiningu sveitarfélaganna.

Sótt er um framlag að fjárhæð 17,7 m.kr. vegna undirbúnings að sameiningartillögu. Samkvæmt vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli a-liðar 1. gr. reglna nr. 782/2020 getur undirbúningsframlag að hámarki numið 15.697.000 kr.

Sótt er um framlag að fjárhæð 20 m.kr. vegna uppbyggingar atvinnu- og nýsköpunarseturs. Tilgangurinn með verkefninu er að skapa viðspyrnu við einhæfni atvinnulífsins á svæðinu en það byggist á sjávarútvegi og sauðfjárrækt. Langanesbyggð hefur fest kaup á húsnæði á Þórshöfn þar sem Landsbankinn var áður til húsa. Ætlunin er að skapa starfstækifæri og auka fjölbreytni starfa og mannlífs með því að búa til vinnustaðaklasa sem gefur tækifæri á störfum í fjarvinnu, aðstöðu

fyrir námsmenn o.fl. Hugmyndin er svo að fá ráðgjafa á svæðið til starfa, til 2-3 ára, til að leita að nýjum störfum og verkefnum.

*Samþykkt var að veita framlag vegna undirbúnings vegna tillögu að sameiningu að fjárhæð 15,7 m.kr. og framlag til uppbyggingar atvinnu- og nýsköpunarseturs, háð því að af sameiningu verði, að fjárhæð 10 m.kr. nú þegar en 10 m.kr. til viðbótar ef vel gengur.*

### **3. Fasteignasjóður – umsókn Sveitarfélagsins Hofnafjarðar**

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Hornafjarðarkaupstaðar, þar sem sótt er um framlag til úrbóta á aðgengismálum, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi.

Um er að ræða endurbætur á húsnæði sem hýsti áður leikskóla en nú er hluti húsnæðisins nýttur í þjónustu við fatlað fólk. Ráðist var í nauðsynlegar framkvæmdir á húsnæðinu til að laga það að nýju hlutverki. Framkvæmdum er lokið og nam heildarkostnaður 282,8 m.kr. Hluti hússins er nýttur undir aðra starfsemi.

*Nefndin var jákvæð í garð umsóknarinnar. Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að fresta afgreiðslu málsins þar til frekari upplýsingar lægju fyrir.*

### **4. Næsti fundur**

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar yrði hinn 18. mars 2022.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið laust fyrir klukkan tíu.

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásta Stefánsdóttir

---

Margrét Þórarinsdóttir

---

Daníel Jakobsson

---

Karen E. Halldórsdóttir